

Minnisblað

Til: Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. (UTU)

Frá: KPMG Law

Dags. 12. nóvember 2024.

Efni: **Virðisaukaskattur, skattskylda**

1. Álitæfni

- Óskað hefur verið eftir því að KPMG Law („**KPMG**“) taki saman minnisblað um helstu atriði sem tengjast virðisaukaskattsskyldu Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs (hér eftir „UTU“) vegna hreinsunar, verkunar og förgunar seyrju.
- UTU er byggðasamlag sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps. Samlagið telst því vera opinber stofnun á sveitarstjórnarstigi og hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa í aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins.
- Seyruverkefni er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyrju á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögunum. UTU sér um að halda utan um seyruverkefnið, móttöku á seyrju, annast hreinsun á rotþróum og rekstur verkefnis

2. Lagarök

2.1. Skattskyldir aðilar og skattskyld vara og þjónusta

Í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (hér eftir „vskl.“), er gildissvið laganna túlkað mjög rúmt. Skattskylda er m.a. talin hvíla á þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inni af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Nær skattskyldan til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra auk allrar vinnu og þjónustu hvaða nafni sem hún nefnist, svo framarlega sem hún er ekki undanþegin á grundvelli 3. mgr. 2. gr. laganna.

Skattskyldum aðilum sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá er heimilt að telja greiddan virðisaukaskatt (innskatt) af aðföngum við hina skattskyldu starfsemi til frádráttar á innheimtum virðisaukaskatti (útskatti) af sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu.

Útskattur er sá virðisaukaskattur sem fellur á sölu eða afhendingu skattskylds aðila og kemur til greiðslu í ríkissjóð en innskattur er sá virðisaukaskattur sem fellur á kaup skattskylds aðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum. Meginreglan er að skatthlutfallið sem

skuli innheimt af seldum vörum eða seldri þjónustu sé 24% en í undantekningartilvikum eru vörur eða þjónusta felld undir lægra skattþrepið sem er 11%.

Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. vskl. kemur fram að ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra er skylt að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattsskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Tilgangur ákvæðisins er að stuðla að jafnri samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja.

Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990 kemur fram að starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá atvinnufyrirtækjum hér á landi, enda sé útskattur af hinni skattskyldu starfsemi að jafnaði hærri en frádráttarbær innskattur. Af þessu má sjá að skattskyldan ræðst af eðli þjónustu sem er seld og skiptir í þeim efnum ekki máli hver það er sem afhendir þjónustuna.

3. Niðurstaða

Því er ljóst að UTU ber að tilkynna starfsemi sína, þ.e. Seyruverkefnið, til Skattsins, skrá sig á virðisaukaskattsskrá og innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu sem félagið selur til sveitarfélaga (og eftir atvikum annarra aðila). Hér þó vert að nefna á að UTU ætti innskattsrétt skv. 1. mgr. 16. gr. vskl. og getur því fengið virðisaukaskatt sem það greiðir til undirverktaka endurgreiddan í formi innskatts. Einnig þarf að hafa í huga að sveitarfélögin gætu eftir atvikum sótt um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, séu skilyrði 3. mgr. 42. gr. vskl. uppfyllt.

Vakni einhverjar spurningar við lestur þessa minnisblaðs, ef áhugi er á að fá nánari útskýringar eða víðtækari umfjöllun um einstaka atriði sem minnisblað þetta fjallar um, hvetjum við eindregið til þess að haft sé samband við okkur. Við munum fúslega veita nánari upplýsingar og frekari aðstoð.

Virðingarfyllst,

KPMG Law